

Sp. 534. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um samræmda heildarstjórn umhverfismála.

Flm.: Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Þórarinn Sigurjónsson,
Guðmundur Bjarnason, Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson,
Stefán Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála skuli sameinuð innan eins ráðuneytis. Til umhverfismála teljist mengunarmál, friðunarmál og skipulagsmál. Yfirstjórn þessa málaflokks verði í höndum sérstakrar skrifstofu innan félagsmálaráðuneytis sem eftir það nefnist umhverfis- og félagsmálaráðuneyti. Umhverfismálaskrifstofan taki við tveimur málaflokkum frá öðrum ráðuneytum:

- mengunarmálum, þ.e. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (að hluta), lög og alþjóðasamningar um mengun sjávar, lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um geislavarnir,
- friðunarmálum, þ.e. lög um náttúruvernd, lög um veiðar og verndun dýra, lög um eyðingu meindýra og lög um landgræðslu.

Óbein stjórn umhverfismála verði styrkt með því að koma á föstu samráði umhverfis- og félagsmálaráðuneytis og annarra ráðuneyta er fara með málefni sem snerta umhverfismál.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir rúmum áratug var hafist handa um könnun á yfirstjórn umhverfismála í Stjórnarráði Íslands. Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra nefnd nínu manna til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál sem þáverandi félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi vorið 1978.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 18. apríl 1978 hafði verið ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Var þessi ákvörðun tilkynnt félagsmálaráðuneytinu bréfluga þann sama dag og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram frumvarpið sem samið hafði verið. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Það var endurflutt á Alþingi veturinn 1980–1981 og aftur á þingi 1983–1984, lítið eitt breytt. Frumvarpið hlaut þó ekki afgreiðslu fremur en í fyrstu. Á árunum 1981–1982 voru samin tvö frumvörp um þetta efni en hvorugt þeirra lagt fyrir Alþingi af hlutaðeigandi ráðherra. Á þessu þingi hafa Gunnar G. Schram og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins lagt fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í umhverfismálum.

Núverandi ríkisstjórn ákvað snemma á starfsferli sínum að komið skyldi á samræmdri heildarstjórn umhverfismála undir forustu félagsmálaráðherra. Var það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar hinn 18. apríl 1978 þess efnis að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands.

Hins vegar hefur ekki legið fyrir skilgreining á því hvaða málaflokkar teljist til umhverfismála. Eins og nú háttar skiptist yfirstjórn málaflokka, sem eðli málsins samkvæmt ættu að teljast til umhverfismála, milli margra ráðuneyta. Í starfi, sem fram hefur farið undir forustu félagsmálaráðherra á undanförunum missirum, hefur glögglega komið í ljós að mikillar tregðu gætir hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum varðandi endurskipulagningu. Þrátt fyrir fyrrgreinda ákvörðun ríkisstjórnar árið 1978 um að félagsmálaráðuneytið skuli fara með umhverfismál hefur niðurstaðan orðið sú að einstakir ráðherrar hafa verið ófúsir til þess að láta nokkra málaflokka úr eigin ráðuneytum og því snúist gegn öllum tillögum félagsmálaráðherra.

Forsætisráðherra hefur því gert ítrekaðar tillögur innan ríkisstjórnar til þess að skera á hnútinn en án árangurs þar sem einstakir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa lagst eindregið gegn öllum hugmyndum til breytinga í þessu efni.

Flutningsmenn sjá sig því til þess knúna að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar þannig að leiða megi í ljós afstöðu þingsins til þess hvaða málaflokka telja beri til umhverfismála og hvort rétt sé talið að skipa yfirstjórn þeirra með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.